

Nd. **335. Frumvarp til laga** [158. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1958—1961, að báðum meðtöldum, skal greiða $\frac{1}{2}\%$ viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra. Skal fénu skipt milli þeirra eftir hlutfallinu tveir á móti einum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og búnaðarmálasjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frumvarp þetta að beiðni stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við það, ef þeim þykir ástæða til.

Skortur á hentugu húsrými fyrir starfsemi Búnaðarfélags Íslands veldur nú með hverju ári sem líður meiri óþægindum og lamar á ýmsan hátt starfsemi þess, enda hefur um langt árabil verið unnið að undirbúningi byggingar, þótt hægt hafi miðað, m. a. með því að safna nokkru fé.

Búnaðarþing 1956 samþykkti einróma ályktun um húsbyggingarmálið. Í greinargerð, er þá fylgdi, er skírskotað til áhuga bændastéttarinnar í heild fyrir því, að húsið komist upp.

Bygging er nú hafin á húsi fyrir Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda sameiginlega. Verður að leggja kapp á, að húsið komist sem fyrst upp.